

Viltu vera í liði með okkur?

Norðurorka hf. óskar eftir að ráða rafvirkja og verkamann til starfa á framkvæmdasviði félagsins.

Verkamenn starfa undir stjórn flokkstjóra á verkstað að nýlögnum og viðhaldi í veitum félagsins en vinna auk þess að öðrum tilfallandi verkefnum.

Rafvirkjar sjá um daglegan rekstur, viðhald og nýlagnir í dreifikerfinu en einnig um viðhald og eftirlit með rafbúnaði í húsnæði og dælustöðvum Norðurorku hf.

Starfssvæðið er víðfemt en Norðurorka hf. rekur rafveitu og fráveitu á Akureyri, hitaveitu og vatnsveitu á Akureyri, Hrísey, Eyjafjarðarsveit og á Svalbarðsströnd. Þá rekur Norðurorka hf. hitaveitu á Ólafsfirði, Hörgársveit, Grenivík og í Fnjóskadal.

VERKAMAÐUR

Starfs og ábyrgðarsvið

- Störf við nýlagnir og viðhald veitukerfa
- Ýmiss tilfallandi verkefni
- Samskipti við viðskiptavinum á verkstað

Menntunar- og hæfniskröfur

- Reynsla af jarðlagnatækni er kostur
- Reynsla af vinnu við veitukerfi er kostur
- Ökupróf er skilyrði – vinnuvélapróf er kostur
- Færni í mannlegum samskiptum
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

RAFVIRKI

Starfs og ábyrgðarsvið

- Almenn störf við rafveitu
- Eftirlit, viðhald og tengingar í rafveitu
- Nýframkvæmdir í rafveitu
- Upplýsingagjöf vegna lagna
- Almenn raflagnavinna í fasteignum og dælustöðvum félagsins

Menntunar- og hæfniskröfur

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Reynsla af vinnu við háspennuvirki og tengingar er kostur
- Almenn tölvukunnáttá
- Ökupróf
- Færni í mannlegum samskiptum
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsjón með ráðningunni hefur Guðrún Björg Harðardóttir starfsmannastjóri.

Upplýsingar um störfni veita Baldur Hólm Jóhannsson verkstjóri rafveituverkstæðis í síma 460-1363 og í netfangið bhj@no.is og Guðrún Björg Harðardóttir í síma 460-1327 og í netfangið gbh@no.is.

Umsóknarfrestur er til og með 17. apríl 2016.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á vefslóðinni:

<https://nordurorka-hf.rada.is/>

Umsókninni skal fylgja starfsferilskrá, afrit af prófskírteinum og önnur þau gögn sem umsækjandi metur nauðsynleg.



NORÐURORKA

Vatnsveita - Rafveita - Hitaveita - Fráveita